

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 439, 2. ágúst 1996 um greiðslu gjalds
skv. 6. gr. 1. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins,
með síðari breytingum, fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Útgerðir íslenskra fiskiskipa sem fengu úthlutað leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1996 skv. lögum um stjórn fiskveiða og útgerðum fiskiskipa sem fá úthlutað aflamarki á grundvelli laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands skulu greiða gjald til Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

2. gr.

1. ml. 3. mgr. 1. gr. breytist svo:

Í stað orðanna „stunda veiðar“ komi orðin: hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1996 skv. lögum um stjórn fiskveiða.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð, hafa verið ákveðin frávik við innheimtu búnaðarmálasjóðsgjald til neðantalinnna búgreinafélaga:

a) Félag hrossabænda	0,800%
b) Landsamband kartöflubænda	0,500%
c) Samband garðyrkjubænda	0,500%
d) Svínaræktarfélag Íslands	1,000%
e) Félag kjúklingabænda	0,275%
f) Samband íslenskra loðýraræktenda	0,700%

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um Búnaðarmálasjóð nr. 41/1990 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. febrúar 1997.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.